



Reglur um frístundaheimili í Fjarðabyggð

Gildissvið frístundaheimila Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð starfrækir frístundaheimili fyrir börn í 1. - 4. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar. Frístundaheimilin starfa samkvæmt 33. grein laga um grunnskóla og reglum þessum sem gilda um umgjörð, umsókn og innritun í frístundaheimilin. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjardabyggd.is, er að finna ítarlegri upplýsingar um frístundaheimilin. Frístundaheimili í Fjarðabyggð starfa samkvæmt viðmiðum um starfsemi frístundaheimila sem sett eru af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og þeim reglum sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett um þjónustu frístundaheimila í sveitarfélaginu.

1. Innritun - opnunartími

1.a Innritun

Á veturna, á starfstíma grunnskóla samkvæmt skóladagatali, bjóða frístundaheimilin upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur.

Skráning í starf frístundaheimilanna fer fram í grunnskólum Fjarðabyggðar. Í *maí* ár hvert opnar fyrir skráningu fyrir komandi vetrar. Foreldrar barna í verðandi 1.-4. bekk fá senda tilkynning frá viðkomandi skóla um að skráning sé hafin.

Gert er ráð fyrir að öll börn sem búið er að sækja um dvöl fyrir á frístundaheimili fái pláss á yfirstandandi skólaári en upphaf dvalar getur tafist þar til ráðið hefur verið í stöður frístundaleiðbeinenda/ráðgjafa. Í slíkum tilvikum er fyrst litið til forgangshópa og síðan tímasetningar skráningar. Sjá nánar 4. gr. um forgang á frístundaheimili.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi frístundaheimila

Almennur opnunartími frístundaheimilanna er frá lokum skóladags til kl. 16:15.

Skóladagatal grunnskóla er grundvöllur að samstarfi grunnskóla og frístundaheimilis um þá þjónustu sem börn í 1.-4. bekk og foreldrar þeirra njóta. Þjónustan stendur til boða alla kennsludaga, en ekki á starfsdögum skóla og í vetrar-, páska- og jólafríi. Á foreldraviðtalsdögum stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 7:45 – 16:15. Óskað er eftir skráningu á þessa daga sérstaklega á hverjum stað fyrir sig.

2. Skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili

Skilyrði fyrir dvöl barna á frístundaheimilum yfir vetur er að barnið sé nemandi í grunnskóla þar sem frístundaheimilið er rekið. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barns getur það foreldri sem barn á lögheimili hjá sótt um frístundaheimili.

Sé barn með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Fjarðabyggð þarf samþykki viðkomandi sveitarfélags fyrir kostnaðarþátttöku vegna dvalar á frístundaheimili að liggja fyrir áður en dvöl hefst.



3. Flutningur milli frístundaheimila

Ef barn á frístundaheimili flyst milli skóla í Fjarðabyggð er hægt að færa umsókn um frístundaheimili á milli þeirra. Umsóknir raðast í rétta tímaröð og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó gr. 4 um forgang.

4. Forgangur á frístundaheimili

Umsóknir um dvöl á frístundaheimili eru afgreiddar í tímaröð, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk og svo koll af kolli. Að auki er tekið tillit til eftirfarandi í forgangs röðun í frístund.

- a) börn sem þurfa forgang vegna fötlunar.
- b) börn sem þurfa forgang vegna félagslegra aðstæðna.
- c) barna sem hafa búið skemur en 2 ár á Íslandi.

5. Úthlutun pláss, dvalarsamningur og uppsögn

Úthlutun pláss á frístundaheimili fer einkum fram í ágúst en umsóknir eiga að herast fyrir 15. júní ár hvert. Foreldrar fá staðfestingu þegar barn þeirra hefur fengið pláss á frístundaheimili.

Áður en dvöl barns á frístundaheimili hefst gerir viðkomandi frístundaheimili og foreldrar með sér dvalarsamning. Ef óskað er eftir að annar en umsækjandi sé skráður greiðandi þarf sá aðili að óska eftir því skriflega hjá *forstöðumanni viðkomandi frístundaheimilis*.

Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir frístundaheimilin og reglur um þjónustu frístundaheimila og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er tvær vikur og miðast við 20. hvers mánaðar. Tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót. Uppsögn skal í öllum tilfellum vera með skriflegri tilkynningu til forstöðumanns frístundaheimilisins.

Ílíð sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar foreldra þurfa að berast forstöðumanni viðkomandi frístundaheimilis skriflega fyrir 20. hvers mánaðar.

6. Gjaldtaka

Gjaldtaka fyrir starf frístundaheimila

Gjald fyrir þjónustu frístundaheimila á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Fjarðabyggðar eins og hún er birt á heimasíðu sveitarfélagsins, www.fjardabyggd.is.

Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Gjald fyrir dvöl á frístundaheimili og sumarfrístund er innheimteftir á. Gjald dagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á heilum dögum á frístundaheimili er bindandi.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Séu dvalargjöld ógreidd á eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf. Hafi krafa ekki verið greidd tveimur vikum eftir eindaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um og greiða skuldina hjá innheimtufyrirtæki en einnig er hægt að snúa sér til fjármálasviðs Fjarðabyggðar um ráðgjöf. Krafa sem ekki innheimtist í



milliinnheimtu fer í löginneimtu 105 dögum frá eindaga. Auk hefðbundinna dráttarvaxta fellur kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn dvalarsamnings

Uppsögn á dvöl og fækkun daga á frístundaheimili þarf að berast fyrir 20. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur farið fram hvenær sem er og tekur gildi um leið og mönnun er fullnægjandi. Uppsögn og breytingar á dvalarsamningum skal vera skrifleg og berast forstöðumanni frístundaheimila.

Hafi greiðsla dvalargjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur sveitarfélagið sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi vegna dvalar á frístundaheimili. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt frístundaheimili vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt frístundaheimili. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa viðkomandi frístundaheimili um að barnið hafi hafið dvöl á frístundaheimilinu að nýju eftir veikindi. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirkkt komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf dvöl á frístundaheimili að nýju.

9. Stuðningur

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda fá stuðning á frístundaheimilum í samræmi við úthlutunarreglur. Einstaklingsáætlun fyrir hvert það barn sem nýtur stuðnings er unnin í samvinnu skóla og forstöðumanns í samvinnu viðforeldra.

Ef börn sem eru með lögheimili í öðrum sveitarfélögum og þurfa á sérstökum stuðningi að halda dvelja á frístundaheimilum í Fjarðabyggð, greiðir viðkomandi sveitarfélag framlag með barninu samkvæmt samningi þar um.

10. Lengd viðvera fatlaðra barna

Með lengri viðveru er átt við dægradvöl og aðstoð við heimanám sem veitt er grunnskólabörnum á aldrinum 10 til 16 ára eftir að skólastarfi lýkur um klukkan 13 og stendur fram til klukkan 17.

Skilyrði fyrir lengdri viðveru er að *mat á stuðningsþörf* þessara barna sé 5 eða hærra.

11. Vetrarfrístund fatlaðra barna

Fötludum börnum stendur til boða frístundaþjónusta á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Foreldrar fá upplýsingar um þá daga sem um ræðir í upphafi skólaárs og skulu skráningar berast í tölvupósti í upphafi hverrar annar.

12. Húsnæði frístundaheimila

Frístundaheimili skulu alla jafna vera staðsett í eða við grunnskóla Fjarðabyggðar. Rekstrarkostnaður, s.s. viðhald, ræsting og rekstur aðgangskerfa, er á ábyrgð skólastjóra. Sérstaklega skal áætla fjármagn árlega til efnis- og tækjakaupa fyrir hvert frístundaheimili sem er óháð öðru fjármagni grunnskóla.



Þar sem aðstaða fyrir frístundaheimili er ekki fullnægjandi innan grunnskóla skal sveitarfélagið útvega húsnæði í samræmi við skilgreiningu á rýmisþörfum frístundaheimila í byggingarreglugerð. Lagt er upp með að hvert frístundaheimili eigi sitt „hjarta“ eða heimastöð sem almennt er ekki er nýtt undir aðra starfsemi. Samnýting sé þó eðlilega á öðru húsnæði með skóla, íþróttahúsi og o.fl.

13. Samstarf

Tryggja þarf samstarf og samráð frístundaheimilis og viðkomandi grunnskóla. Stjórnendur skólans kynna að vori skóladagatal komandi vetrar fyrir forstöðumanni frístundaheimilis og forstöðumaður kynnir starfsemi frístundaheimilis fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimilis með reglulegum fundum. Skóli veitir forstöðumanni frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að kynna starfsemi frístundaheimilis og annað frístundastarf í viðkomandi hverfi fyrir foreldrum með tölvupósti.

Forstöðumaður er kallaður inn á þá teymisfundi sem við á.

Forstöðumaður frístundaheimilis situr upplýsingafundi leik- og grunnskóla vegna 6 ára barna. Samstarf er við leikskólastjóra um að forstöðumaður sitji skilafund varðandi börn sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundahcimilinu. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið.

Forstöðumaður vinnur í fagteymi með öðrum forstöðumönnum og fleirum. Einnig vinnur forstöðumaður náið með stjórnendum hvers grunnskóla.

Frístundaheimilin vinna með þeim aðilum sem sinna frístundastarfi barna í sveitarfélaginu með það að markmiði að börnin geti stundað þær innan tímaramma frístundaheimilanna.

14. Mannauður

Hver starfsmaður skal að jafnaði hafa umsjón með 13 börnum í 1.- 2.bekk og 15 börnum í 3.-4. bekk. Til viðbótar koma starfsgildi vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning.

Skólar og frístundaheimili leitist við að eiga samvinnu um að ráða starfsmenn sem geta gegnt starfi í skóla sem og á frístundaheimili.

Æskilegt er að forstöðumaður hafi fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tómstunda- og félagsmálafræða. Æskilegt er að frístundaleiðbeindur/stuðningfulltrúar hafi menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

Reglur þessar gildar frá 17. september 2025 og falla þá úr gildi eldri reglur sama eðlis.

Fjarðabyggð 22. september 2025


Jóna Arný Þórðardóttir
bæjarstjóri